

62. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 11. júní 2010 kl. 13:00.

Dagskrá: 1. Staða mála og starfið framundan; 2. Ársrit 2008-2009; 3. Tíu ára afmæli Héraðsskjalasafns Kópavogs; 4. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Kópavogs; 5. Starfsmannamál. 6. Alþjóðlegi skjaladagurinn – málþing Félags héraðsskjalavarða; 7. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson, formaður, Hjörtur Pálsson og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn

1. **Staða mála og starfið framundan:** Fimmtán afhendingar eru komnar inn til safnsins á þessu ári. Lítið hefur verið keypt af tækjum eða húsmunum. Senn fer að verða hörgull á skjalaöskjum af algengustu stærðum svo að senn þarf að kaupa meira frá Þýskalandi.
2. **Ársrit 2008-2009:** Byrjað er að brjóta ársritið um og ætti það því að geta komið út á haustdögum.
3. **Tíu ára afmæli Héraðsskjalasafns Kópavogs:** Stofndagur Héraðsskjalasafns Kópavogs er 12. desember árið 2000. Ekkert hefur verið ákveðið um afmælishald og bíða ákvarðanir um það nýrrar stjórnar.
4. **Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Kópavogs:** Hrafn héraðsskjalavörður kveðst hafa haft í huga um sinn að gera flutning safnsins mögulegan ef af honum verður. Gæta þarf að því að ekkert raskist í flutningi en auk þess þarf að velta fyrir sér þörfum safnsins á nýjum stað, bæði með hliðsjón af öryggi en einnig varðveisluskilyrðum, svo sem hita og rakastigi.
5. **Starfsmannamál:** Safnið verður opið allt sumarið og miðast sumarfrí m.a. við það. Hrafn tekur sumarfrí í júlí og Gunnar Marel verður þá hér á meðan.
6. **Alþjóðlegi skjaladagurinn – málþing Félags héraðsskjalavarða:** Á þessum alþjóðlega skjaladegi, sem nú var haldinn hátíðlegur hér í fyrsta skipti, flutti héraðsskjalavörður Kópavogs erindi um varðveislu tölvugagna í menntakerfinu: „Nokkur atriði um heildstæða upplýsingakerfið Mentor.“ Héraðsskjalavörður Árnesinga og borgarskjalavörður Reykjavíkur fluttu hvor sitt erindi um skjalavistunaráætlanir fyrir leikskóla og grunnskóla.
7. **Önnur mál:** Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 14.00. Fundarritari Bjarni Ólafsson